

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og urðun sorps í Hvalfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. 5. gr. samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

Sumarhús (frístundahús)	17.150 kr. í sorphirðugjald
Íbúðarhúsnæði	40.895 kr. í sorphirðugjald
Íbúðir og sumarhús	4.100 kr. í sorpurðunargjald

Sé óskað eftir fleiri sorphilátum við íbúðarhús skal greiða fyrir sorphilát og aukaurðun fyrsta árið, þar eftir aukaurðunargjald sem hér greinir:

Fyrir almennan úrgang (óflokkað)	25.000 kr.
Fyrir endurvinnanlegan úrgang (flokkað og lífrænt)	13.000 kr.
Ker (aðeins í dreifbýli)	40.000 kr.

Gjöld þessi miðast við vísitölu neysluverðs í október 2021 og uppfærast samkvæmt breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2023 og skulu gilda þannig næsta ár.

3. gr.

Ef sorphilát skemmast eða hverfa vegna þess að það hefur ekki verið gengið nægilega vel frá tunnum, t.d. undir skýli eða að festingar vantar verður innheimtur raunkostnaður á hvert sorphilát samkvæmt reikningi frá verktaka.

Sorphilát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið sbr. 17. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

4. gr.

Gámastæði verða í nágrenni deiliskipulagðra frístundasvæða með yfir 20 bústöðum skv. 6. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Grenndarstöð er einnig staðsett við Melahverfi.

5. gr.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpurðunargjalds skv. 2. gr. skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign án tillits til eigendaskipta. Sorphirðu- og sorpeyðingargjald nýtur lögveðsréttar í fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. janúar 2022. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1210/2019.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 9. nóvember 2021.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.